

Samantekt svara stjórnálflokkanna við spurningum *Læknablaðsins* um heilbrigðisþjónustuna fyrir Alþingiskosningarnar 25. september næstkomandi

7 Ólík afstaða til fjármögnunar meðal stjórnálflokkanna

Stjórnálflokkar sem bjóða fram til þings telja allir öflug vísindi mikilvæg en *Sjálfstæðisflokkurinn* bendir á að nýta mætti ónýtta möguleika til hagræðingar og aukins árangurs til að efla vísindarannsóknir innan Landspítala. *Vinstri græn* segja framlög til rannsókna, nýsköpunar og þróunar hafa aukist um 70% á þessu kjörtímabili. Áfram þurfi að stuðla að sterkri þróun þar.

Viðreisn vill að fé til vísinda fylgi verðlagsþróun. *Flokkur fólksins* vill auka fé til rannsókna á næstu árum. *Framsókn* vill fjármagna með sambærilegum hætti og samanburðarlönd. *Píratar* vilja að fjármagn sé tryggt nokkur ár fram í tímann svo hægt sé að vinna að rannsóknum til lengri tíma á fyrirsjáanlegan hátt.

Samfylkingin telur mikilvægt að styrkja vísindasjóð Landspítala með beinum árlegum styrk óháð rekstrarframlagi til spítalans. *Miðflokkurinn* styður eflingu samkeppnissjóða þar sem það á við og segir mikilvægt að heilbrigðisstofnanir landsins hafi fjármuni til ráðstöfunar til að styðja við vísindastarf.

8 Allir vilja leysa vandann en ekki allir að einkaaðilar komi þar að

Miðflokkurinn vill að rekstur hjúkrunarheimila taki mið af því að þau séu heimili en ekki sjúkrastofnanir. *Viðreisn* vill að lögð sé vinna í að þróa fleiri lausnir fyrir aldraða. *Sjálfstæðisflokkurinn* bendir á gott samstarf við einkaaðila og kallar eftir frekara samstarfi við þá á sem flestum sviðum.

Flokkarnir eru í 8. spurningu spurðir um rekstur hjúkrunarheimila og hvernig þeir vilji taka á vandanum. *Samfylkingin* segir að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum og fjármagna þá þjónustu með fullnægjandi hætti. Byggja þurfi íbúðakjarna fyrir aldræða. *Framsóknarflokkurinn* vill virkt samtal milli sveitarfélaga og ríkisins um framtíðarfjármögnun hjúkrunarheimila.

Vinstri græn vilja fjölbreyttari þjónustu í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. *Píratar* sveigjanleg úrræði og *Flokkur fólksins* auka rekstrarfé starfandi heimila og leysa fráflæðisvandann sem fyrst.

9 Allir flokkar vilja efla þjónustuna

Einföldun kerfisins og betri nýting fjármagns, er svar *Viðreisnar* við hver áhersla flokksins yrði ef heilbrigðisráðuneytið kæmi í hlut flokksins eftir kosningar. Hún vill einnig stytta biðlista og efla heilsugæsluna enn. *Sjálfstæðisflokkurinn* vill einnig stytta biðlista auka valfrelsi, bæta aðgengi að þjónustu. Mælikvarðar á gæði, pólitísk forysta og að ráðast á undirmönnun er svar *Samfylkingarinnar*.

Píratar vilja sjá fullfjármagnaða heilbrigðisþjónustu. *Flokkur fólksins* að staðinn sé vörður um sjúkrahús og heilsugæslu og að aldraðir séu ekki látnir líða innan heilbrigðiskerfisins.

Miðflokkurinn vill nýta kosti einkarekstrar og efla landsbyggðarsjúkrahúsinn. *Framsókn* vill skýra samninga við sérfræðilækna og tryggja rekstur hjúkrunarheimila. *Vinstri græn* að haldið sé áfram á sömu braut þegar kemur að því að efla innviði. Einnig þurfi að efla forvarnir.

Þau leiða flokkana í kosningum 2021

 <p>Flokkur Fólksins Inga Sæland formaður</p>	 <p>Framsókn Sigurður Ingi Jóhannsson formaður</p> 	 <p>Logi Einarsson formaður</p> 	 <p>Bjarni Benediktsson formaður</p> 
 <p>Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður</p> 	 <p>Halldóra Mogensen þingflokksformaður</p> 	 <p>Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður</p> 	 <p>Katrín Jakobsdóttir formaður</p> 

7. SPURNING

Vísindastarf á mjög undir högg að sækja, meðal annars á Landspítala þar sem fé til vísindarannsókna mætir afgangi í rekstri spítalans. Hvernig vill flokkur ykkar breyta þessu? Vill hann taka frá ákveðna upphæð eða hlutfall af rekstri háskólasjúkrahússins til vísinda?

Auka fjármagn og eyrnamerkja rannsóknum



Flokkur Fólksins

Flokkur fólksins telur mikilvægt að hið opinbera styðji við heilbrigðisvísindi. Hann vill auka fjármagn til rannsókna á næstu árum og tryggja að fjármagn verði eyrnamerkt til þeirra verkefna svo ekki verði gengið á það ef uppá vantar annarsstaðar. Best færi á því að hlutfall af rekstri háskólasjúkrahússins væri eyrnamerkt vísindastarfsemi.

Auka stuðning og fylgja framtíðarsýn



Framsókn

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á menntun starfsmanna framtíðarinnar í heilbrigðiskerfinu, meðal annars með auknum framlögum til heilbrigðisviðháskólanna og auknum stuðningi við nemendur sem fara erlendis í nám. Mikilvægt er að framtíðarsýn Landspítala um skipulag og eflingu vísindastarfs gangi eftir og við þá framtíðarsýn þurfa stjórnvöld að styðja. Í henni felst aukid samráð og samtal milli spítalans og Háskóla Íslands, að gæði vísindastarfs verði sambærileg við norræn háskólasjúkrahús, að starfið verði sýnilegt innan og utan spítalans og að það verði fjármagnað með sambærilegum hætti og á háskólasjúkrahúsum þeirra landa sem við berum okkur helst saman við. Það er mat Framsóknarflokksins að vísindarannsóknir á heilbrigðisviði hér á landi eigi að vera sterk stoð heilbrigðiskerfisins og standast alþjóðlegan samanburð að gæðum og umfangi enda gegni vísindarannsóknir í heilbrigðiskerfinu viðamiklu hlutverki í þróun heilbrigðismála. Þá telur Framsóknarflokkurinn mikilvægt að styðja við íslenskan heilbrigðisklasa þar sem Landspítali háskólasjúkrahús væri miðpunktur. Ávinningur af klasasamstarfi getur orðið umtalsverður bæði fyrir vísindastarf og heilbrigðiskerfið í heild.

Vísindastarf mikilvægt fyrir þekkingu og lækningu



Miðflokkurinn

Íslendingar eiga og hafa átt marga frábæra vísindamenn á sviði heilbrigðisvísinda. Þessum vísindum hefur sem betur fer fleygt fram á liðnum árum og leitt til margvíslegra nýjunga við meðferð á sjúkdómum. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga sem fullvalda þjóð að reka sterkt og öflugt vísindastarf, í senn til að geta lagt okkar af mörkum í baráttu við sjúkdóma og einnig til að tryggja að hér sé ávallt til staðar þekking á flóknum vísindagreinum. Miðflokkurinn styður eflingu samkeppnissjóða þar sem það á við en einnig er mikilvægt að heilbrigðisstofnanir landsins hafi fjármuni til ráðstöfunar til að styðja við slíkt starf. Nú á tímum kórónuveirunnar hefur komið í ljós hve mikilvægt er að vera fullvalda og sjálfstæð þjóð til að geta tekið upplýstar ákvarðanir undir leiðsögn okkar eigin vísindamanna á heilbrigðisvísindasviði. Landspítalinn á að sinna vísindastarfi og hefur ákveðið svigrúm um hversu mikið hann setur í vísindarannsóknir, auk samstarfs Landspítalans og Háskóla Íslands sem skapar tækifæri til þess að sækja styrki í viðurkennda sjóði eins og dæmin sanna.

Tryggja þarf fjármagn nokkur ár fram í tímann



Píratar eru hörðustu talsmenn nýsköpunar og vísindastarfs af öllum flokkum á Alþingi. Það er hlutverk hins opinbera að hvetja til og greiða fyrir rannsóknir og þróun sem gerir líf okkar allra betra. Þar undir falla bæði grunnrannsóknir og frekari hagnýting þeirra. Landspítalinn er mjög vel til þess fallinn að leiða stóran hluta af þessum rannsóknum, sérstaklega grunnrannsóknir sem leiða ekki beint til hagnaðarvona en eru engu að síður algjör hornsteinn komandi hugmynda. Þar að auki þarf að sjá til þess að fjármagn sé tryggt nokkur ár fram í tímann svo hægt sé að vinna að rannsóknum til lengri tíma á fyrir-sjáanlegan hátt. Verja tímanum í vísindi en ekki styrktarbeiðnaskrif.



Vísindasjóður styrktur árlega óháð rekstri spítalans



Samfylkingin telur mikilvægt að styrkja vísindasjóð Landspítala með beinum árlegum styrk óháð rekstrarframlagi til spítalans. Vísindarannsóknir eru nauðsynlegur þáttur í starfi spítalans en einnig hlutverki hans sem háskólasjúkrahúss. Samfylkingin telur óráðlegt að vísindastarfið sé háð afkomu spítalans hverju sinni og leggur því til að vísindasjóður Landspítala fái árlegt framlag til að stuðla að þróttfullu og öflugum vísindastarfi innan Landspítala Háskólasjúkrahúss. Miða ætti við hlutfall nærri 8-10% af rekstrarfé eins og þekkist á Norðurlöndum en þó, eins og áður segir, í sjálfstæðu framlagi, óháð rekstrarfé spítalans.

Hvetja og styrkja til öflugs vísindastarfs



VIÐREISN Viðreisn hefur í hvívetna talað fyrir mikilvægi vísindarannsókna. Til dæmis hefur Rannsóknasjóður verið verulega vanfjármagnaður og Ísland hefur dregist aftur úr í samanburði við aðrar þjóðir. Viðreisn vill að sérstaklega tilgreindum fjárhæðum sé á hverju ári varið til vísindarannsókna, bæði innan spítalans og utan, og að þær fjárhæðir verði hækkaðir á hverju ári í samræmi við verðlagsþróun. Þegar litið er til heildarmyndarinnar, gæða þjónustu, nýliðunar og þróunar í veitingu heilbrigðisþjónustu, er einsýnt að besta fjárfesting okkar innan heilbrigðiskerfisins liggur í því að hvetja til og styrkja öflugt vísindastarf innan háskólasjúkrahússins okkar.

Á ábyrgð ráðherra og stofnana að forgangsraða



Spurningar um forgangsröðun í starfsemi LSH eiga líklega best heima hjá stjórnendum spítalans. Útgjöld til heilbrigðiskerfisins hafa verið stóraukin undanfarin ár og það er á ábyrgð viðkomandi fagráðherra og undirstofnana að forgangsraða fjármunum í rekstri, þar með talið til vísindarannsókna.

Erlendir aðilar sem hafa skoðað þróun heilbrigðismála hér á landi hafa bent á ýmsa ágalla á skipulagi, stýringu og fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar. Ljóst er að ónýttir möguleikar eru til hagræðingar og aukins árangurs, en slík tækifæri mætti meðal annars nýta til að efla vísindarannsóknir innan háskólasjúkrahússins.

Tryggja þarf fjármögnun og spítalinn setji sér stefnu



Framlög til rannsókna, nýsköpunar og þróunar hafa aukist um 70% á þessu kjörtímabili enda hefur núverandi ríkisstjórn lagt ríka áherslu á þennan málaflokk. Í markáætlun á sviði vísinda og nýsköpunar eru þrjár samfélagslegar áskoranir skilgreindar og eru heilbrigðisvísindi og tækni ein þeirra. Þá hafa framlög til háskóla einnig verið aukin. Heilbrigðisvísindarannsóknir á Íslandi hafa verið sterkar og það er mikilvægt að stuðla að því að sú þróun haldi áfram. Samkvæmt heilbrigðisstefnu er áformað að stofna sérstakan vísindasjóð fyrir rannsóknir á heilbrigðisviði. Samstarf háskóla og vísindamanna á spítalanum er og hefur verið mikilvægt en einnig er mikilvægt að spítalinn setji sér markmið hvað varðar þátttöku og birtingar á vísindastarfi. Fjármögnun rannsókna þarf að tryggja og sömuleiðis að starfsmenn geti sótt um styrki og að þeir fái svigrúm innan sinnar vinnu á spítalanum til að stunda rannsóknir.

8. SPURNING

Þjóðin eldist og áratugalangur vandi birtist í því að æ fleiri veikir aldraðir bíða eftir viðunandi úrræðum til dæmis á bráðamóttöku, lyflækningadeildum og skurðeildum Landspítalans. Af þessu myndast gríðarlegur flöskuháls, til dæmis í aðgengi að bráðamóttöku og óásættanlegum frestunum á valaðgerðum og lengingu á biðlistum. Hvernig vill flokkur þinn taka á vandanum?

Enga biðlista og auka rekstrarfé starfandi heimila



Flokkur Fólksins

Flokkur fólksins vill fjölga hjúkrunar- og dvalarheimilum og auka rekstrarfé starfandi heimila. Það hefur sýnt sig að fjármagn hefur ekki fylgt sem skyldi til að tryggja auknar þjónustukröfur undanfarin ár. Þetta þarf að bæta. Við viljum koma í veg fyrir biðlista, hvort sem það er eftir heilbrigðisþjónustu eða eftir plássi á hjúkrunarheimili. Við teljum fráflæðisvandann grafalvarlegan og viljum fjölga hjúkrunarheimilum, auka rekstrarfé og efla heimaúrræði til að leysa hann sem fyrst.

Nýta greiningarvinnuna og móta þjónustu aldraðra



Framsókn

Framsóknarflokkurinn leggur mikla áherslu á að niðurstöður sem verkefnastjórnar um greiningu á rekstri hjúkrunarheimila verði nýttar til gagns og að virkt samtal eigi sér stað milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig framtíðarfjármögnun hjúkrunarheimila eigi að vera hagað. Að mati Framsóknarflokksins gengur það ekki upp að 87% hjúkrunarheimila séu rekin með halla. Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á að ríki og sveitarfélög fari nú þegar í vinnu í tengslum við mögulegt fyrirkomulag þjónustu við aldraða. Horfa verður til tækifæra á lengri búsetu í eigin húsnaði, samspili heimahjúkrunar og heimaþjónustu og sveigjanlegri dagdvöl fyrir eldra fólk. Í þeirri vinnu er m.a. hægt að horfa til þeirra framfara sem orðið hafa í velferðar-tækni.

Efla og styrkja fagmenntun og heimþjónustu



Miðflokkurinn vill bregðast við þeim augljósa vanda sem ríkir á umönnunarsviðinu og þá sérstaklega þegar kemur að öldruðum. Það að vera aldraður er ekki sjúkdómur en um leið og þjóðin eldist þarf að huga betur að þessum málum, meðal annars með

átaki í byggingu dvalar- og hjúkrunarrýma. Eins þarf að efla og styrkja fagmenntun þeirra sem starfa á hjúkrunarheimilum. Það gengur ekki að hjúkrunarheimilin séu vel flest rekin með halla og ljóst að það verður að taka á því með einhverjum hætti. Staða hjúkrunarheimila afhjúpar einnig mun á þjónustu þeirra eftir landshlutum. Heimilin eru flest stærra á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og þar er elsti hópurinn hlutfallslega fjölmennastur og hjúkrunarþyngd meiri en annars staðar. Stærri heimilin á höfuðborgarsvæðinu ráða betur við mikla hjúkrunarþyngd en þau sem eru lítil og á stóru heimilinum er jafnframt best aðgengi að sérhæftri lækniþjónustu. Mikilvægt er að tryggja að fólk geti sem lengst stuðst við heimahjúkrun og verið sem næst sínum heimaslóðum og ættingjum þegar kemur að því að það þarf að dveljast á hjúkrunarstofnun. Miðflokkurinn vill að rekstur þeirra taki mið af því að þau séu heimili en ekki sjúkrastofnanir.

Fjármagna þurfi þjónustuna með fullnægjandi hætti



Verkefni stjórnvalda við þjónustu við eldra fólk er margþætt en brýnt. Samfylkingin telur í fyrsta lagi að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum og fjármagna þá þjónustu með fullnægjandi hætti. Rekstraraðilar hafa löngum bent á að daggjöld sem greidd eru með hverju rými séu ekki í tengslum við raunveruleikann og staðfestir ný skýrsla Gylfanefndar, sem falið var að rýna í rekstur hjúkrunarheimila, það. Eldra fólk mun fjölga mikið á næstu áratugum og eitt stærsta verkefni stjórnvalda er því hvernig megi þjónusta þennan stóra og fjölbreytta hóp með fullnægjandi en þó hagkvæmum hætti. Samfylkingin vill auka fjölbreytni húsnæðis- og þjónustukosta fyrir þennan aldurshóp. Auka verður við fjölbreytta heimþjónustu en einnig þarf að hefja átak í fjölbreyttum húsnæðismálum þannig að millibil milli heimþjónustu og hjúkrunarrýma verði aukið til muna. Átak verði í uppbyggingu íbúðakjarna þar sem eldra fólk getur sótt lágmarksþjónustu, finnur fyrir auknu öryggi en fær einnig aukinn félagsskap annarra íbúa. Þetta mun leiða til minni ásóknar í hjúkrunarrými síðar. Þá getur aukin velferðartækni aukið aðgengi, lífsgæði, öryggi og sjálfstæði íbúa.

Fjölbreytt úrræði og byggja upp hjá hinu opinbera



Vinstri græn vilja að í boði séu fjölbreytt úrræði fyrir eldra fólk sem þarf þjónustu. Það er ljóst að með því að halda áfram sömu aðferðafræði með tilliti til þjónustu munum við aldrei komast fyrir endann á þörfinni. Við þurfum að halda áfram að byggja upp þjónustu í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Þar þarf að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu, og sérstaklega að horfa til þjónustu á forsendum notenda, þjónustu heim, og þjónustu sem tryggir að eldra fólk geti búið sem lengst heima. Þá er mikilvægt að auka heilsueflingu og endurhæfingarþjónustu fyrir eldra fólk.

Mæta þörfum fólks og tryggja sveigjanleg úrræði



Lausnin á hinum margumrædda fráflæðisvanda er ekkert sérstaklega flókin. Enn og aftur snýr hún að þörfum þeirra einstaklinga sem nýta heilbrigðis- og velferðarkerfin. Fólk sem þarf umönnun frekar en

dvöl á sjúkrahúsum skal hjálpað að finna húsnæði við hæfi, með þá þjónustu í boði sem þörf er á. Hér reynir á enn eina heimatilbúnu flækjuna, togstreitu sveitarfélaga og ríkis um fjármagn með málaflokkum. Ríkisstjórn Íslands þarf annað hvort að taka þetta umönnunarhlutverk að sér eða veita sveitarfélögum nægilegt fjármagn til að sinna því af virðingu og nærgætni við eldri borgara. Þarfir þeirra eiga að vera í forgrunni og fyrir vikið þarf að tryggja sveigjanleg úrræði fyrir þennan fjölbreytta hóp.

Semja á við einkaaðila og frumkvöðla



Yfirstandandi uppbygging við Hringbraut mun gjörbreyta sjúkrahúsþjónustu hér á landi til framtíðar. Um gríðarstóra fjárfestingu er að ræða sem ætlað er að stórbæta aðstöðu á fjölmörgum sviðum, meðal annars þar sem henni hefur lengi verið ábótavant.

Með bættri aðstöðu og auknu rými styttest bíðlistar eftir ýmsum aðgerðum og þjónusta batnar.

Aftur á móti er verkefnið stórt og mun taka talsverðan tíma. Þess vegna er mikilvægt að við leitum á sama tíma allra leiða til að auka og bæta þjónustu. Í því felst meðal annars að semja við einkaaðila og frumkvöðla úti í samfélaginu. Við eigum dæmi um afar vel heppnaða uppbyggingu og rekstur hjúkrunarheimila af hálfu einkaaðila með samningum við ríkið og eigum að sækja í slíkt samstarf á sem flestum sviðum.

Fleiri lausnir í þjónustu við aldraða



Viðreisn vill fjölbreytt og notendamiðuð úrræði í hjúkrunarmálum aldraðra.

Langvinnur skortur á fjárfestingu í hjúkrunarrýmum hefur valdið vanda sem fyrirséð er að muni taka langan tíma að vinda ofan af. Til viðbótar við verulega fjölgun öldrunar- og hjúkrunarrýma þarf að bæta heimþjónustu og félagsleg úrræði til muna. Við þurfum að svara kalli tímans og leggja vinnu í að þróa fleiri lausnir í þjónustu við aldraða. Ekki er nóg að fólk fái hjúkrun, fæðu og þrif á heimili heldur þarf að aðlaga heimili þess að nýjum og breyttum þörfum.



9. SPURNING

Hver yrði áherslan í heilbrigðismálum á kjörtímabilinu ef heilbrigðisráðuneytið kæmi í hlut flokks ykkar eftir næstu kosningar?

Efla einkarekstur en standa vörð um hið opinbera



Flokkur Fólksins

Standa á vörð um öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar hér á landi. Efla þátt einkareksturs í heilbrigðisþjónustu svo stytta megi biðlista og helst útrýma þeim, án þess þó að gengið yrði á opinbera reksturinn. Tryggja að rekstur hjúkrunarheimila komist í jafnvægi og sjá til þess að aldraðir séu ekki látnir líða innan heilbrigðiskerfisins.

Vilja efla heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni



Miðflokkurinn leggur mikla áherslu á að efla og styrkja heilbrigðisþjónustu í landinu. Það vill hann gera með opnum huga þegar kemur að rekstrarformi og nýta þannig bæði kosti einkarekstrar og hins opinbera. Það þarf að styrkja þá þjónustu sem veitt er í dag um leið og huga þarf að framtíðinni þannig að þjóðin geti áfram verið í fremstu röð og ekki síður upplifað heilbrigðisþjónustu sína þannig. Miðflokkurinn hyggst styrkja á ný heilsugæslu og sérfræðilækningar utan höfuðborgarsvæðisins til að laga aðflæðisvanda Landspítalans auk átaks í byggingu hjúkrunarrýma. Snúið verði við þeirri þróun að minnka styrk landsbyggðarsjúkrahúsa og þau verði aftur eflað verulega ásamt heilsugæslunni með nútíma tækjabúnaði og mönnun á sérhæfðari þjónustu. Þannig verði tryggt aðgengi allra íbúa landsins að góðri þjónustu í heimabyggð.

Gjaldfrjáls en fullfjármögnuð heilbrigðisþjónusta



Píratar munu bjóða nálgun á heilbrigðismál sem lítur til stærra samhengis: Niðurskurður í velferðarmálum leiðir til aukins kostnaðar í heilbrigðismálum. Viðvarandi sveltí í geðheilbrigðisþjónustu eykur skaða og kostnað til framtíðar. Fjársveltið bitnar á starfsfólki, óheilmæmt húsnæði ógnar heilsu þess, álagið er mikið og kulnun viðvarandi vandamál. Menntakerfið leikur lykilhlutverk í heilbrigði þjóðarinnar til framtíðar, enda byggir heilbrigður lífstíll á fræðslu og forvörnum. Réttarkerfið tekur í dag á málum fólks sem þyrfti frekar aðstoð heilbrigðiskerfisins, og svo framvegis.

Stofnanir eiga því ekki að þurfa að slást um fjármagn sín á milli heldur skal móta framtíðarstefnu og þjónustustig í víðtæku samráði. Slík samvinna væri þó gagnslaus ef fjármagn til rekstrar skortir. Þetta er ekki eingöngu nauðsynlegt heldur hafa kannanir undanfarin ár sýnt að öflugt heilbrigðiskerfi sé efst í forgangsröðun fólks í ríkisfjármálum. Forvarnir, aðgengi að þjónustu um allt land, góð starfsskilyrði fyrir starfsfólk og gjaldfrjáls – en fullfjármögnuð – heilbrigðisþjónusta yrðu því helstu áherslur Pírata í heilbrigðisráðuneytinu.

Tryggja þjónustu, rekstur, forvarnir og vísindi



Framsókn

- Að tryggja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað sjúklinga.
- Að tryggja eins vel og unnt er heilsugæslulækna um land allt og nýta þar með námslánakerfið sem hvata.
- Að koma á skýrum samningum milli ríkis og sérfræðilækna um þjónustu.
- Að tryggja rekstur hjúkrunarheimila til framtíðar.
- Að koma með skýrar áherslur í framtíðarfyrirkomulagi þjónustu við aldraða þar sem horft verði til tækifæra á lengri búsetu í eigin húsnæði, samspils heimahjúkrunar og heimaþjónustu og sveigjanlegrar dagdvalar fyrir eldra fólk.
- Að halda áfram að byggja upp og samhæfa geðheilbrigðisþjónustu í landinu.
- Að leggja áherslu á forvarnir og lýðheilsu.
- Að auka fjármagn til vísindastarfs háskóla og Landspítala.





Mælikvarðar, verkaskipting og betri mönnun



Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að þróa og innleiða mælikvarða fyrir árangur og gæði heilbrigðisþjónustu til að geta metið betur hvernig kerfið mætir þörfum notenda og samfélagsins alls. Í öðru lagi þarf pólitíska forystu um að bæta allt skipulag og skerpa á verkaskiptingu milli hinna ýmsu eininga í heilbrigðisþjónustunni. Í þriðja lagi er löngu tímabært að ráðast í átak gegn undirmönnun, bæta starfsaðstæður og kjör heilbrigðisstarfsfólks og veita stóruaknu fjárframlagi til heilbrigðismála, meðal annars til að bregðast við hlutfallslegri fjölgun aldraðra í landinu.

Nokkrir málaflakkar kalla á mikið átak. Staðan í geðheilbrigðismálum er alvarleg. Gera þarf heildarúttekt á umfangi og framkvæmd geðheilbrigðisþjónustu og gera nauðsynlegar breytingar á málaflaknum í þágu notenda þjónustunnar.

Við þurfum að ráðast í fjölbreyttari aðstoð við eldra fólk. Á næstu árum mun fjölga verulega í hópi eldri íbúa landsins og því verðum við að koma með aðrar áherslur í þessum málaflakki en nú er gert og vísum þar í svar okkar við spurningu um hjúkrunar- og dvalarrými.

Innleiðing og fjárfesting í velferðatækni er góð leið til að takast á við þær breytingar sem eru að eiga sér stað í velferðar- og heilbrigðisþjónustu.

Vilja auka valfrelsi og stytta biðlista



Við munum leggja mikla áherslu á að auka valfrelsi, bæta aðgengi að þjónustu og stytta biðlista. Það verður best gert með því að horfa til fjölbreyttari rekstrarforma í heilbrigðiskerfinu, stuðla að nýsköpun og gera öllum heilbrigðisstéttum kleift að stunda sjálfstæðan rekstur. Það sama á við í heilbrigðiskerfinu og annars staðar: Okkur farnast best þegar við nýtum kraftinn í samfélaginu til góðra verka.

Myndir/Landspítali/Porkell Þorkelsson
Myndir af Alþingi/gag

Vilja einfalda kerfið og nýta fé betur



VIÐREISN Að þjónusta verði veitt á forsendum einstaklingsins, einföldun kerfisins og betri nýting fjármagns. Koma í veg fyrir áframhaldandi spekileka og áhersla lögð á að tryggja nauðsynlega nýliðun fagfólks. Starfsumhverfi verði viðunandi og samkeppnishæft við það sem best þekkt erlendis.

Forgangsráða þarf fjármunum í þágu fjárfestingar í heilbrigðismálum. Leggja þarf sérstaka áherslu á uppbyggingu öldrunarþjónustu og að aldraðir fái þjónustu í samræmi við þarfir og óskir. Efla þarf heimahjúkrun og gera átak í fjölgun öldrunar- og hjúkrunarheimila. Auka þarf fjárframlög og samvinnu við sveitarfélög um hjúkrunarheimili.

Styrkja þarf heilsugæsluna um land allt sem fyrsta viðkomustað og einfalda leið fólks um heilbrigðiskerfið. Stytta þarf bið eftir viðtali við heimilislækni, efla teymisvinnu og fjölga mismunandi fagaðilum innan heilsugæslunnar. Biðlista eftir heilbrigðisþjónustu þarf að stytta eins og framast er unnt. Skilgreina þarf þjónustu sem allir eiga rétt á í sinni heimabyggð og jafna aðgengi allra landsmanna að sérfræðiþjónustu.

Halda áfram á sömu braut og jafna aðgengið



VINSTRI GRÆN

Á þessu kjörtímabili hefur VG lagt áherslu á uppbyggingu innviða í heilbrigðiskerfinu og eflingu hinnar opinberu þjónustu, og má þá til dæmis nefna uppbyggingu nýs meðferðarkjarna við Landspítala, eflingu heilsugæslunnar og stóreflda geðheilbrigðisþjónustu. Þar að auki hefur greiðsluþátttaka sjúklinga verið lækkuð til muna. VG leggur áherslu á haldið verði áfram á sömu braut, þ.e. að uppbyggingu innviða í heilbrigðiskerfinu verði haldið áfram og stefnt að jöfnum aðgangi allra landsmanna að bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag eða búsetu. Nýjar áherslur í þjónustu og úrræðum við eldra fólk er eitt af stærstu verkefnum næstu ára, jafnhliða því sem uppbygging verður áfram að vera á hjúkrunarrýmum, sérstaklega á þeim svæðum þar sem mesti vandinn er. Þá leggja Vinstri græn áherslu á að efla forvarnir og lýðheilsu á komandi kjörtímabili og byggja upp heilsueflandi samfélag.